

Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Priðjudaginn 10. október var tíundi fundur ársins 2023 haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson meðstjórnandi, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, Bryndís Malla Elíadóttir og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
 2. Lykiltölur og rekstur
 3. Aðgerðir varðandi rekstur
 4. Líkhúsmál
 5. Stefnumótun
 6. Bálstofa
 7. Önnur mál og ákvörðun um vetrarfund
1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar og var afgreiðslu frestað fram til næsta fundar
 2. Kynntar voru lykiltölur í rekstri. Jarðsetningum bæði duftkera og kistugrafa hefur fækkað á milli ára, lögbundnar tekjur hafa lækkað um 1,4% og kostnaður hækkað um 6,4% fyrstu 8 mánuði ársins. Verðlag hefur hækkað um tæplega 10% á milli ára á sama tímabili. Framkvæmdastjóri útskýrir að í raun hafi kostnaður hækkað mun minna en verðlag og lækkað í mörgum tilfellum þar sem um sé að ræða ákveðinn einskiptis kostnað á árinu.
 3. Framkvæmdastjóri fór yfir þær aðgerðir varðandi hagræðingu í rekstri sem kynntar voru á síðasta fundi. Aðgerðirnar lúta meðal annars að fækkun stöðugilda sem nú þegar hefur verið hrint í framkvæmd, sameiningu skrifstofu í Gufunesi og Fossvogi, útleigu fasteigna, endurskoðun á rekstri líkhúss og athafnarýma o.fl. Umræður.
 4. Farið var yfir stöðu líkhúsmála og þeirri alvarlegu stöðu sem blasir við. Ráðuneytinu er ljós hver staðan er og er von á fundi með ráðherra í nóvember. Fækkað verður um tvö stöðugildi í líkhúsi og athafnarýmum 1. nóvember og þjónusta skert verulega. Útfararstofur munu sjálfar sjá um að koma fyrir líkum. Þetta hefur verið kynnt útfararstofum og mun verða boðaður fundur með þeim 27. október n.k. til að fara nánar yfir stöðuna. Kælikerfi líhúss er orðið úrelt og allt stefnir í að líkhúsi verði lokað og rekstri hætt ef ekkert verður að gert.
 5. Framkvæmdastjóri kynnti stöðu stefnumótunar. Vinnustofa verður haldin með öllu stafsólki Kirkjugarðanna í október. Markmið vinnustofunnar er að útfæra stefnumótun og innleiðing hennar útfærð enn frekar.
 6. Farið var yfir málefni bálstofunnar. Ofnarnir ganga vel eftir að þeir voru uppgerðir en þó hafa hitaelement í ofni 1 bilað og er von á nýjum hitaelementum. Þetta hefur þó ekki haft áhrif á rekstur ofnanna.
 7. Önnur mál. Rætt var um að halda vetrarfund Kirkjugarðanna 13. eða 14. nóvember næst komandi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 10:00.

Emilía Guðrún Svavarsdóttir
Kristján Guðmundsson
Egill Heiðar Gíslason

Ingvar Stefánsson
Bryndís M. M. Elíadóttir